

REGLUGERÐ

um sérstakt gjald af bifreiðum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal ríkissjóð sérstakt gjald af bifreiðum, nema annað sé ákveðið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Gjald af bifreiðum skal lagt á í eftirfarandi fjórum flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm ³	Gjald %
I	0–1100	0–2000	0
II	1101–1300	2001–2300	4
III	1301–1500	2301–3000	8
IV	>1500	>3000	12

Við flokkun til gjaldskyldu í lægri gjaldflokk, komi fleiri en einn til álita skv. 1. mgr., nægir að annað skilyrðið, eigin þyngd eða sprengirými, sé uppfyllt. Með „eigin þyngd“ er átt við þyngd bifreiðar eins og hún er skýrgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar ISO, nr. 1176 Road vehicles — Weights — Vocabulary (tölulíður 4.6), og er þá miðað við ökutæki tilbúin til aksturs m.a. með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti.

3. gr.

Ökutæki í eftirtöldum tollskrárnum skulu undanþegin sérstöku gjaldi af bifreiðum:

- 87.01.20 Dráttarbifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir, fyrir festivagna.
- 87.02.12 Ökutæki á beltum, yfir 400 kg að eigin þyngd.
- 87.02.17 Ökutæki með burðarþol 6 tonn og þar yfir, til flutnings bæði á mönnum og vörum.
- 87.02.29 Almenningsbifreiðar, sem hannaðar eru til flutnings á færri en 30 farþegum að meðtöldum öikumanni.
- 87.02.31–32 Grindur með hreyfli og öikumannshúsi með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
- 87.02.35 Flutningstæki fyrir grjót o.þ.h.
- 87.02.37–38 Vörubifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
- 87.02.43 Sjúkrabifreiðar.
- 87.03.01–09 Bifreiðar til sérstakrar notkunar. Bifreiðar sem eru knúnar rafhreyfli.

Bifreiðar í eigu erlendra sendiráða, sendiráðisskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiráðismanna skulu undanþegnar gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari, enda sé slíkt skylt samkvæmt millirikjasamningum sem Ísland er aðili að eða sendimenn og sendisveitir njóti sams konar fríðinda hjá viðkomandi ríki. Sama skal gilda að því er varðar alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru.

II. KAFLI

Innfluttar bifreiðar og bifhjól.

4. gr.

Við innflutning gjaldskyldra bifreiða skal gjald skv. 2.gr. lagt á tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum. Gjaldið skal innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum gjaldskyldum bifreiðum ásamt aðflutningsgjöldum.

5. gr.

Innflytjandi bifreiðar skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi, ásamt aðflutningsskýrslu, umsókn á þar til gerðu eyðublaði um skráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

Eyðublöð vegna umsóknar um skráningu ökutækis fást hjá tollyfirvöldum.

III. KAFLI

Innlend samsetning.

6. gr.

Bifreiðar sem settar eru saman hér á landi eru gjaldskyldar skv. 2. gr. sbr. þó 3. gr. og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari hefur verið greitt.

7. gr.

Gjald af bifreiðum sem framleiddar eru eða settar saman hér á landi skal greitt áður en skráning þeirra fer fram. Gjaldið skal lagt á framleiðsluverð þeirra. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða framleiðsluverð er heimilt að meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðra innfluttra ökutækja eða framleiðsluverð hliðstæðra ökutækja framleiddra hér-
lendis.

8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru allir þeir sem setja saman bifreiðar hér á landi, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari grein skulu ótilkvaddir greiða innheimtu-
manni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir gjald það sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu, sem innt skal af hendi áður en skráning bifreiðar fer fram, skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu bifreið ásamt umsókn um skráningu, sbr. 5. gr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Við flokkun á bifreiðum til gjaldskyldu skulu gjaldskyldir aðilar, ef tollstjóri telur ástæðu til, leggja fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis. (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

10. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlit skulu ganga úr skugga um við skráningu bifreiðar að gjald skv. 2. gr. hafi verið greitt. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal viðkomandi tollyfirvaldi þegar tilkynnt um það.

11. gr.

Sérstakt bifreiðargjald sem lagt er á samkvæmt reglugerð þessari myndar gjaldstofn til söluskatts.

12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum með síðari breytingum svo og önnur þau fyrirmæli er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1986.

F.h.r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 468 20. desember 1985, um innheimtu
þinggjalda á árinu 1986.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fyrstu tveim reglulegum gjalddögum þinggjalda á árinu 1986, þ. e. 1. febrúar og 1. mars, skal hver gjaldandi greiða 13% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985. Hinn 1. apríl og þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 11,67% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110 gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneyti, 28. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Höskuldur Jónsson.